



## Skýrsla stjórnar 2021

Aðalfundur Landvarðafélags Íslands var haldinn þ. 6. maí 2020, í formi fjarfundar vegna samkomutakmarkana af völdum Covid19 faraldursins. Kosið var til stjórnar en nýir í stjórn voru kosin þau Guðrún Tryggvadóttir, Þórhallur Jónasson og Þórunn Lilja Arnórsdóttir. Sem varamenn voru kosin þau Benedikt Traustason og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir. Nína Aradóttir og Anna Þorsteinsdóttir voru einu stjórnarmeðlimir sem eftir voru úr fyrri stjórn. Af störfum létu þau Valdimar Kristjánsson, Stefanía Ragnarsdóttir og Sævar Þór Halldórsson.

Aðalfundur afgreiddi þrjár ályktanir á fundinum; um Hálendisþjóðgarð, Þjóðgarðastofnun og endurskoðun stofnanasamninga þjóðgarðanna við ríkið.

Covid19 heimsfaraldurinn gerði árið óvenjulegt og hafði mikil áhrif á starfsemi félagsins, eins og aðra starfsemi í heiminum öllum, ekki aðeins vegna banns við fundarhaldi í raunheimum heldur einnig vegna þeirrar óvissu sem faraldurinn hefur í för með sér á allt samfélagið, ferðamannastrauminn og ekki síst á störf og starfsöryggi landvarða. Óvissa var um hvort skornar yrði niður stöður landvarða út um allt land og hvað framtíðin bæri í skauti sér kæmi til uppsagna. Raunin varð síðan sú að þó að einhver störf myndu ekki verða endurnýjuð hér og þar varð mestur niðurskurður í þjóðgarðinum á Þingvöllum þar sem öllum landvörðum var sagt upp störfum og sem tók gildi um mánaðamótin jan./febr. Þær uppsagnir áttu sér stað í október 2020 og brást Landvarðafélagið við þeim með bréfi til þjóðgarðsins, Þingvallanefndar og Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem og fjölmiðla. Viðbrögð voru mikil í fjölmiðlum en sem höfðu því miður ekki í för með sér að uppsagnirnar yrðu dregnar til baka. Framtíð heilsárslandvörslu á Þingvöllum virðist vera fyrir bí og fjöldi ráðninga fyrir sumarið 2021 eru enn á huldu.

Niðurskurður landvarðastarfa í Vatnajökulþjóðgarði og hjá Umhverfisstofnun virðist aftur á móti vera minni en það skýrist betur þegar ráðningar eru í höfn hvort að um fækkun starfa þar sé að ræða í ár eður ei.

Anna Þorsteinsdóttir sem kosin var formaður á aðalfundi félagsins 2019 lét af störfum í byrjun nóvember 2020 er hún var ráðin þjóðgarðsvörður á norður-hálendi Vatnajökulþjóðgarðs. Við þökkum Önnu vel unnin störf og óskum henni velfarnaðar í nýja starfinu.

Fræðslugöngur okkar um friðlýst svæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins héldu áfram eins og sl. ár og hafa heldur betur sannað tilvist sína en þátttakan er gríðargóð og fólk mjög ánægt með fræðsluna sem við veitum í göngunum en það er fræðslu- og skemmtinefnd félagsins sem sér um skipulag og fræðslu á skemmtilegu fræðslugöngunum okkar. Eftir samkomubann fyrri hluta árs var loks hægt að blása til fræðslu- og skemmtigöngu þann 2. júní og var hún farin í Búrfellsgjá í Heiðmörk sem þá var stutt í að yrði friðlýst. Gangan var vel sótt. Samkomubann kom í veg fyrir frekari fræðslugöngur um tíma þar til að loks var létt á samkomubanni og efnt var til göngu í kringum Vífilsstaðavatn. Við fórum einnig þar fyrir ári síðan en þá í gulri veðurviðvörðun og komumst því ekki í kringum vatnið. Í þetta skiptið spilaði veðrið með okkur þegar tæplega þrjátíu manns mættu í gönguna þ. 9. febrúar sl. Vífilsstaðavatn og nágrenni var friðlýst sem friðland þ. 2.

nóvember 2007 og er mjög vinsælt útivistarsvæði en bæði hlaupa- og gönguhópar úr nærliggjandi sveitarfélögum nýta sér göngustíga í kringum vatnið allt árið um kring.

Þann 9. mars var síðan farið í fræðslugöngu um Rauðhólasvæðið og mættu 29 manns í gönguna sem var afar fróðleg enda svæðið merkilegt bæði út frá jarðfræði og menningarsögu svæðisins. Til stendur að skipuleggja svæðið betur til útivistar en Rauðhólar hafa verið friðlýstir frá árinu 1961 og fólkvangur frá árinu 1974. Fræðslugöngur okkar virðast vera að spyrjast út til áhugafólks því göngumenn voru fæstir landverðir í þetta sinn.

Að venju fengum við tækifæri til að kynna félagið á landvarðanámskeiðinu og var kynningin haldin þ. 28. febrúar sl.

Af okkar vinsælu og árlegu haustferð gat því miður ekki orðið að þessu sinni en áformuð var ferð í Þjórsárdal. Sú ferð verður þá bara að bíða betri tíma.

Ferðapráin var heldur betur farin að gera vart við sig hjá landvörðum á síðasta ári og héldum við því rafrænt ferðasögukvöld þ. 10. des sl. Hákon Ásgeirsson og Kristín Ósk Jónasdóttir byrjuðu á því að segja okkur ferðasöguna frá alþjóðlegu landvarðaráðstefnunni sem haldin var í Chitwan þjóðgarðinum í Nepal fyrir ári síðan ásamt göngunni þeirra upp í grunnbúðir Everest. Í kjölfarið heyrðum við frá ævintýrum landvarða úti í heimi. Linda Ársæls, Stefanía Ragnars og Hlynur sögðu okkur frá ferðalögum sínum um þjóðgarða í N- og S-Ameríku og Bjarni og Hörn frá því þegar þau fóru til Færeyja að sinna viðhaldi á náttúruperlunum þar.

Félagið sendi frá sér ítarlega skýrslu um möguleg áhrif aukinnar umferðar um Vonarskarð, þá sérstaklega hvað varðar akandi og hjólandi umferð. Þá sendi formaður félagsins bréf á stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs vegna afgreiðslu málsins.

Félagið sendi einnig frá sér umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð og þá ákvörðun ráðherra um að leggja ekki fram frumvarp um Þjóðgarðastofnun. Á morgun, þ. 18. Mars, hefur stjórn verið boðið á fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarpsins.

Fráfarandi formaður Anna Þorsteinsdóttir vann verkefni um drög að aðgerðaáætlun um utanvegaakstur sem var styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stefanía Ragnarsdóttir var Önnu innan handar en verkefnið var unnið í samstarfi við Bílaleiguna Höldur og einnig voru fengin gögn um akstur utanvega frá Umhverfisstofnun. Markmið verkefnis var að greina ástæður og aðgerðir gegn utanvegaakstri og í framhaldi að leggja fram drög að aðgerðaáætlun um næstu skref við utanvegaakstri. Niðurstöður voru svo kynntar ráðherra í október 2021 og skýrslan einnig send á þær stofnanir sem vinna mest með utanvegaakstur.

Þegar ljóst var að frumvarp um Þjóðgarðastofnun yrði ekki lagt fram á Alþingi þ. 1. desember 2020, samhliða frumvarpi um Hálendisþjóðgarð, sendi stjórn Guðmundi Inga, umhverfis- og auðlindaráðherra bréf og óskaði eftir fundi með honum til að fá skýringar á því að marg kynnt Þjóðgarðastofnun væri ekki á dagskrá eins og ætlunin hafi verið. Ráðherra tók vel í að funda með stjórn og boðaði okkur á fund fimmtudaginn 10. desember sl. en þar kom fram að ráðherra hafi ekki talið vænlegt til árangurs að leggja samtímis fram frumvörp um þessi stóru mál enda væri víst að ekki væri pólitískur stuðningur til svo stórra skrefa að sinni. Á sama fundi kynnti stjórn skýrslu félagsins verkefni okkar um utanvegaakstur fyrir ráðherra en skýrslunni var formlega skilað til ráðuneytisins í nóvember 2020.

Þegar svör fóru að berast frá Umhverfisstofnun um ráðningar í byrjun þessa mánaðar kom fram að fyrirhugað væri að bæði Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður innheimti leigugjöld fyrir það húsnæði sem landverðir dvelja í á vinnustöðum sínum, á sumum ótilgreindum stöðum. Launa- og kjaranefnd ritaði bréf til beggja stofnana og spurðist fyrir um forsendur sem lægju að baki og óskaði eftir frekari upplýsingum um hvernig áformað væri að innheimta leigu enda væri hvorki nefndar leiguupphæðir né nánar tiltekið um fyrirkomulag í svarbréfum til umsækjanda. Við lítum svo á að um stórt hagsmunamál okkar sé að ræða og funduðum með fulltrúum Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar um málið þ. 16. mars, þ.e. í gær. Niðurstöður fundarins verða kynntar síðar.

Stofnanasamningar eru því miður ekki í höfn enn og á því strandar ýmislegt, þ.m.t. launahækkun sem koma átti til í byrjun árs. Launa- og kjaranefnd náði sambandi við Flosa Eiríksson framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins um samningsgerðina í byrjun desember sl. en síðan er erfitt að fá nokkrar fréttir nema að samningar séu ekki tilbúnir. Þó að við höfum ekki beina aðild að samningsgerðinni sjálfri gátum við komið með tillögur og álitæfni sem varða ákvæði í fyrirhuguðum samningum og lögðum við strax sérstaka áherslu á samræmingu samninga milli hinna ýmsu stofnana og sem virðist hafa verið tekið tillit til og vilji er auk þess fyrir hjá öllum málsaðilum. Annað sem við höfum áhyggjur af er að stytting vinnuvikunnar gæti komið út sem launaskerðing hjá sumum okkar og höfum við auk þess beðið um að skoðað yrði vel hvort að áformuð leigugjöld fyrir húsnæði á vinnutíma gæti fallið undir ákvæði í stofnanasamningum. Áhyggjuefni er þó að alger stífla virðist vera komin í gerð stofnanasamninganna og íhugum við hvernig bregðast megi við því.

Félagið stóð einnig fyrir fjar-spjallfundi með ráðherra um Hálendisþjóðgarð þ. 8. mars sl. og var fundurinn vel sóttur og gott að geta beint spurningum til ráðherra sérstaklega um þau mál sem snerta framtíð landvarðastarfsins í nýjum þjóðgarði.

Virgni á samfélagsmiðlum hefur vaxið jafn og þétt. Félagið heldur úti facebook síðu, instagram reikningi og starfrækir sérstakan hóp fyrir félagsmenn. Sl. sumar létum við instagram reikninginn ganga á milli svæða til að vekja athygli á starfi okkar. Þetta mældist vel fyrir og jókst fylgjendafjöldi okkar mikið yfir þann tíma. Mikill áhugi hefur verið fyrir því að stofna til hlaðvarps landvarða og sóttum við um styrk til þess verkefnis en hann fékkst því miður ekki að þessu sinni.

Félagið hefur gefið út ný rafræn félagsskírteini sem félagsmönnum býðst að hala niður. Rafræn afsláttarskírteini fylgja einnig félagsaðild.

Öll óskum við þess að framtíðin sé björt fyrir landverði sem aðra og að Landvarðafélag Íslands geti lagt sitt af mörkum til náttúruverndar og haldi áfram að vinna af krafti að því að vera málsvari landvarða en framundan eru stór verkefni sem tengjast náttúruverndarmálum og kjaramálum landvarða.

*Stjórn Landvarðafélags Íslands þ. 17. mars 2021.*